

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa

28. janúar 2025 156. tbl. 23. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is

Efnisyfirlit

■ Borgarlína	2
■ Hörðuvallarskóli	4
■ Hvörfin	6-7
■ Vatnsendahvarf	9



Verður Arnarland
Garðbæinga ásynd
Kópavogs? /2



Opnað fyrir tilboð í lóðir
í Vatnsendahvarfi /9



Anna Rós Árnadóttir
hlýtur Ljóstaf Jóns úr
Vör /10



Ljósmyndir: Valgarður Gíslason og Vegagerðin

FRAMKVÆMDIR KOMNAR Í GANG/2

Svona verður Fossvogsbrúin

Framkvæmdir við landfyllingar og sjóvarnir tengdum byggingu Fossvogsbrúar hófust á Kársnesi 17. janúar þegar tekin var skóflustunga við Vesturvör.



VILDARKORT

LIND FASTEIGNASALA

Allir kaupendur og seljendur fá **Vildarkort Lindar** sem veitir **30% afslátt** hjá eftirfarandi fyrirtækjum

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flúgger:** 30% afsláttur af allri inniháningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parké:** 30% afsláttur af öllum vörum nema investitöngum. **Z brautir og gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Hússamiðjarn:** 30% afsláttur af hreinlætisakjum og ljósum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölu.

LIND FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Áuðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sverrir Einarsson S: 896 8242
Andrés Andrésson S: 662 5339
Jóhanna Eiriks
Guðmundur Örn Jóhannsson S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

BÍLASTOÐ

réttingar & sprautun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

RÉTTUM OG SPRAUTUM ALLAR GERÐIR BÍLA

Smiðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

BÓKAÐU TÍMA

ALMENNAR VIÐGERÐIR
BILANAGREINING
SMÚRÞJÓNUSTA
TÍMAREIMASKIPTI
VÉLAR, GÍRKASSAR & SJÁLFSKIPTING

564 1180
BILVOGUR@BILVOGUR.IS
AUDBREKKA 17 • 200 KÓPAVOGI

BÍLVÖGUR
BILVOGUR.IS

Varmi

Sérhæfum okkur í réttingum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag, einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt réttingarverkstæði.

Varmi
Við réttum og sprautum
Áuðbrekku 14 Kópavogi - S: 564 2141
www.varmiehf.is

Kjötbúð í Kópavogi

Gæði á góðu verði

KJÖTVINNSLA

KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla

Smiðjuvegji 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is

FRAMKVÆMDIR

Skóflustunga að Fossvogsbrú

Framkvæmdir við landfyllingar og sjóvarnir tengdum byggingu Fossvogsbrúar hófust af fullum krafti á Kársnesi þegar tekin var skóflustunga við Vesturvör á Kársnesinu.

Nýr samgönguráðherra, Eyjólfur Ármannsson, tók fyrstu skóflustunguna ásamt Ásdísi Kristjánsdóttur bæjarstjóra Kópavogs, Einar Þorsteinssyni borgarstjóra Reykjavíkur, Bergþóra Þorkeldsdóttur, forstjóra Vegagerðarinnar og Davíð Þorlákssyni, framkvæmdastjóra Betri samgangna.

„Fossvogsbrúin er mikilvæg tenging inn á vestanvert Kársnesið og því mikið hagsmunamál fyrir Kópavog. Með tilkomu Fossvogsbrúar er verið að tengja Kópavogsbúa nær stærstu vinnustöðum landsins, við háskóla og framhaldsskóla. Gert er ráð fyrir að 10.000 manns muni ferðast daglega um brúna frá Kópavogi og nær-

liggjandi sveitarfélögum. Ábatinn er því mikill fyrir höfuðborgarsvæðið allt,” sagði Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri við tækifærið.

Fossvogsbrúin er hluti af Samgöngusáttmálanum og er fyrsta stóra framkvæmdin í Borgarlínuverkefniinu. Brúin tengir saman vesturhluta Kópavogs og Reykjavík með afgerandi hætti. Áætluð verklok eru 1. nóvember 2026 fyrir þennan hluta verksins en gert er ráð fyrir að Fossvogsbrú verði tilbúin um mitt ár 2028.

Þess má geta að verksamningur milli Vegagerðarinnar og verktaka-fyrirtækisins Gröfu og grjóts var undirritaður í síðustu viku í kjölfar útboðs í nóvember 2024.



Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs, Eyjólfur Ármannsson, samgönguráðherra, Einar Þorsteinsson, borgarstjóri, Bergþóra Þorkeldsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar og Davíð Þorláksson, framkvæmdastjóri Betri samgangna tóku fyrstu skóflustunguna. Gert er ráð fyrir að um 10 þúsund manns muni ferðast daglega um Fossvogsbrú. Ljósmyndir: Valgarður Gíslason og Vegagerðin.



AÐSENT

Verður Arnarland Garðbæinga ásynnd Kópavogs?

Garðabær hefur í hyggju að byggja á landspildunni vestan við Smárahverfið í Kópavogi. Þar er um að ræða umhverfisslys í uppsiglingu í boði Garðabæjar, Arionbanka og fyrirtækisins Ósa.

Á þessu svæði ætla Garðabær að reisa þétta og háa byggð, sem ekki er í neinu samræmi við nærliggjandi byggð.

Margar athugasemdir hafa komið fram varðandi byggðina og hafa 1240 manns undirritað lista á island.is, þar sem þessum framkvæmdum er mótmælt. Listinn hefur verið sendur bæjarfyrirvöldum í Garðabæ og Kópavogi.

Kópavogsbær hefur ekki auglýst þessar breytingar fyrir Kópavogsbúum og ekki haldið íbúafund með íbúum Smárahverfis. Engin grenndarkynning hefur farið fram.

Í Arnarlandi á að reisa allt að 6 hæða fjölbýlishús með 500 íbúðum og 30 metra háa turna.

Mikil umferð mun fylgja þessu nýja hverfi. Allri umferð hverfisins er



Eyrún Magnúsdóttir, íbúi í Smárahverfi í Kópavogi.

ætlað að fara um Fífuhvamsveginn. Í næsta nágrenni sækja 5000 börn og ungmenni skóla og íþróttir, í Breiðablik, Smárahverfi, Tennishöllina og Sporthúsið.

Gatnamótin inn í Arnarland eru skipulögð við gatnamót Fífuhvamsvegur og Arnarsmára í Kópavogi, svo að segja inni í garði hjá Arnarsmára 2 og Bakkasmára 1.



Mikil óánægja er meðal Kópavogsbúa vegna þess að byggðin mun taka útsýnið frá íbúum Smárahverfisins út á Kópavoginn. Í stað þess er þeim ætlað að horfa á háhýsi Garðbæinga. Í fundargerð skipulagsráðs Kópavogs stendur þó „útsýnið er ómetanlegt“. Kópavogsbær kemur vonandi í veg fyrir að útsýnið verði tekið frá Kópavogsbúum.

Í fundargerðum kemur einnig fram að þess sé krafist að ekki

verði umferðaraukning um Fífuhvamsveginn frá Arnarlandi. Kópavogsbær krefst þess að tekið verði tillit til nærliggjandi byggðar og að byggðin verði í samræmi við þá sem fyrir er.

Það er von Kópavogsbúa að stjórnendur bæjarins gæti hagsmuna sinna íbúa og komi í veg fyrir að af þessu umhverfisslysi verði og láti ekki hagsmunum Garðbæinga og gróðafyrirtækja breyta útliti og ásynnd Kópavogs til framtíðar.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Kópavogsblaðið slf,
kt: 620513-1800

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024

Netfang: audun@kopavogsbladid.is

Heimasíða: www.kopavogsbladid.is

Hönnun: Guðmundur Árnason

Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com

Prentun: Landsprent.

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.



SKIPULAG

Fjallað um legu Borgarlínu

Húsfyllir var á kynningarfundum um Borgarlínu sem fram fór miðvikudaginn 15. janúar í Kópavogi. Fundurinn var haldinn til kynningar á umhverfismatsskýrslu fyrstu lotu Borgarlínu og til að kynna tillögur að rammahluta aðalskipulags. Fyrsta lota liggur milli Ártúnshöfða og Hamraborgar.

Fjallað var um um legu Borgarlínunnar, staðsetningu stöðva og umhverfisáhrif framkvæmda og reksturs Borgarlínunnar. Jafnframt var fjallað um mismunandi útfærslur á hönnun göturýma og forgang virkra ferðamáta og almenningsgangna. Horfa má á upptöku af fundinum á vef Kópavogsbæjar.

Umhverfismatsskýrslan og skipulagstillögurnar eru aðgengilegar í Skipulagsgáttinni þar sem allir geta kynnt sér gögnin og veitt umsögn en gögnin voru sett inn í nóvember. Athugasemdafrestur er til 25. janúar 2025.

Sambærilegur fundur var haldinn í Reykjavík 9. janúar síðastliðinn. Hægt er að horfa á upptöku af þeim vef á vef Reykjavíkur.





Vatnsendahvarf er nýtt hverfi í Kópavogi

Dreymir þig um sérbyli?

Í öðrum áfanga úthlutunar í Vatnsendahvarfi í Kópavogi verður úthlutað lóðum fyrir einbýlishús, parhús, klasahús og fjölbýli. Opíð er fyrir umsóknir 23. janúar til 20. febrúar.

Vatnsendahvarf er nýtt hverfi í Kópavogi þar sem gert er ráð fyrir um 500 íbúðum í fjölbýli og sérbyli sem falla vel að nærliggjandi byggð. Lögð er áhersla á sjálfbæra og umhverfisvæna byggð og góðar samgöngutengingar fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur. Gróður og náttúra fléttast inn í opin svæði.

Miðsvæðis í hverfinu er leikskóli og grunnskóli fyrir 1. til 4. bekk. Góð þjónusta er í nærumhverfi þar sem eru skólar, verslun og þjónusta. Þá eru margvíslegir möguleikar til íþróttaiðkunar og útivistar í næsta nágrenni. Frá Vatnsendahvarfi er einstakt útsýni yfir höfuðborgarsvæðið.





Nánari upplýsingar



Kópavogsbær

ALÞRIF

Snöggur handþvottur og alþrif í boði á frábæru verði

Pantaðu tímið á Noona appinu

EDALBÓN

Auðbrekka 27, gengið inn frá Dalbrekku, S: 788 7997

ER BÍLLINN TJÓNAÐUR?

BÍLASTJARNAN BYR YFIR 35 ÁRA REYNISLU AF TJÓNAVIÐGERÐUM Á ÖLLUM TEGUNDUM BÍLA



VINNUM FYRIR ÖLL TRYGGINGAFÉLÖG



Klettháls 1a - 110 Reykjavík - Sími: 567 8686
bilastjarnan.is - info@bilastjarnan.is



Lakkskemman
Bílamálun + Réttingar

Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi,
sími: 557 4540, www.lakkskemman.is

ÍBÚAVERKEFNI

Kosning í Okkar Kópavogi

Kosning í íbúaverkefninu Okkar Kópavogi er hafin en hún stendur til hádegis 4. febrúar. Þetta í fimmta sinn sem íbúar í Kópavogi geta tekið þátt í kosningu um hugmyndir bæjarbúa og forgangsraðað verkefnum innan sveitarfélagsins.

Á þessu sinni er bænum skipti í tvennt í verkefninu, efri og neðri byggðir. Hverfin sem tilheyra efri byggðum eru Vatnsendi (Kórar, Hvörf og Þing) og Fífuhvammur (Lindir og Salir). Neðri byggðum tilheyra Smárahverfi, Digranes og Kársnes.

Alls fara 67 hugmyndir í kosningu, 30 í efri byggðum og 37 í neðri byggðum.

Ýmsar hugmyndir hafa orðið að veruleika í kjölfar íbúakosninga í Okkar Kópavogi. Má þar nefna æfingtæki í Kópavogsdal, leiktæki ýmis konar, ærslabelgi, aukinn gróður, jólalýsingu og bekki.

Meðal hugmynda sem fara nú í

kosningu eru infrarauð sauna í sundlaugarnar, tjörn í Fossvogsdal, sjósundaðstaða á Kársnesi, vélfryst skautasvell í Kópavogsdal og útbörðennisborð í Salahverfi. Alls verður 340 milljónum króna varið í framkvæmdir á þeim hugmyndum sem verða fyrir valinu og þær framkvæmdar á árunum 2025-2027. Íbúar sem verða fjórtán ára á árinu og eldri geta tekið þátt í atkvæðagreiðslu, svo framarlega sem þeir eru með rafræn skilríki.

Markmið Okkar Kópavogs er að hvetja íbúa til að taka þátt í mál-efnum sem varða nærumhverfi þeirra, fá þá til að leggja fram hugmyndir og forgangsraða verkefnum, og útdeila fjármagni í bæði nýframkvæmdir og smærri framkvæmdir á vegum bæjarins með íbúakosningu.



OKKAR
KÓPAVOGUR



HÖRÐUVALLASKÓLI

Velferð og vellíðan barna


Í Hörðuvallaskóla er nú í gangi verkefni á miðstigi sem snýr að þéttri og góðri samvinnu heimilis og skóla og hvernig við sem samfélag getum stuðlað að farsæld og velferð barna. Verkefnið er þríþætt.

Jóhann Pétur Herbertsson, fjölskyldufræðingur, hóf verkefnið með fræðslufyrirlestri fyrir foreldra um hvernig forsjáraðilar geta stuðlað betur að velferð barna. Hann talaði um að setja mörk, veita börnum hæfilega ábyrgð á heimilinu og á eigin lífi og hversu mikilvæg samvera með fjölskyldunni sé. Hann talaði einnig um mikilvægi samfélagsins í kringum börnin okkar og að við, sem samfélag, séum tilbúin til að hjálpað að við að hlúa að þeim. Þótt að einu barni líði vel þá þurfa aðrir forsjáraðilar og skólinn að vinna saman og grípa þá sem líður ekki vel. Annað skref verkefnisins er að halda svokallaðan líðanfund (eða Tengslatorg) með forsjáraðilum í náms- hópum. Þá koma forsjáraðilar á fund þar sem þeir ræða, með leyfi barna sinna, um líðan og félagslega stöðu þeirra. Markmið fundanna er að skapa gott samfélag meðal forsjáraðila í árganginum, að þeir hittist og tengist hver öðrum til að geta hjálpað að við að hlúa vel að öllum og jafnvel grípa þá nemendur sem eru illa staddir félagslega. Fyllsta trúnaðar er gætt á fundinum.

Þriðja og síðasta skrefið er á ábyrgð foreldrafélagsins. Þá virkjar foreldrafélagið bekkjarfulltrúa til að halda fund með forsjáraðilum árgangsins til að útbúa farsældarsáttmála (áður foreldrasáttmáli). Forsjáraðilar koma sér saman um ákveðin gildi og reglur fyrir árganginn sem heild og hvernig þeir geta unnið saman að velferð og

farsæld allra barna. Sem dæmi má nefna sameiginleg viðmið um að hefja notkun samfélagsmiðla ekki of snemma, samræma svefntíma, útivistartíma og að vera sammála um að koma vel fram við aðra.

Nú hefur Hörðuvallaskóli lokið við fyrstu tvö skrefin í verkefninu fyrir alla nemendur og forsjáraðila á miðstigi. Fundirnir voru mjög góðir og greinilega mikil auðlind sem býr í foreldrahópnum. Ef forsjáraðilar og skólinn vinna saman þá næst árangur í velferð og vellíðan barna í skólastarfi.



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi

Rúnar Geirmundsson

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson



Þorbergur Þórðarsson



Elís Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson

HEILSURÆKT & SUNNID

Í KÓPAVOGI



VIÐ ERUM Í KÓPAVOGI



URÐARHVARF 2 | 203 KÓPAVOGUR



BORGARHOLTSBRAUT 17 | 200 KÓPAVOGUR



VERSALIR 3 | 201 KÓPAVOGUR

Sjá nánar á:

WWW.KATLAFITNESS.IS/KOPAVOGUR

1



KAPP ehf

Þjónustum fyrirtæki sem vinna með matvæli. Kæling, ryðfrí stálsmiði, færíbönd o.fl.

Turnahvarf 8, S: 587 1300, kapp@kapp.is, kapp.is

2



GG VERK

Framsækið bygginga-fyrirtæki sem setur fólk í fyrsta sæti og sýnir fyrirhyggju og ábyrgð í verki

Turnahvarf 4, S: 517 1660 ggverk@ggverk.is, www.ggverk.is

3



Heilsuvernd veitir þjónustu á sviði heilsuverndar, vinnuverndar og heilbrigðisþjónustu.

Urðarhvarf 14, S: 510 6500, hv@hv.is, hv.is

4



Sérverk ehf
Byggingaverktakar

Alhliða byggingaverktakar

Tónahvarfi 9, S: 564 5795 serverk@serverk.is, serverk.is

5



KAFFIHÚS
DÝRHEIMAR

Samfélag þar sem hunda- og kattaeyndur geta sótt þær vörur og þjónustu sem þeir þurfa. Munið eftir kaffihúsi Dyrheima

Víkurhvarf 5, S: 580 4300 dyrheimar@dyrheimar.is, dyrheimar.is



11



World Class
ICELAND

World Class býður upp á 18 heilsuræktarstöðvar og aðgang að 8 sundlaugum

Ögurhvarf 1, S: 553 0000 worldclass@worldclass.is, worldclass.is

12



Sjúkrálfun Íslands

Veitum góða og faglega þjónustu á sviði sjúkrálfunar

Urðarhvarf 8 - 4. hæð, s: 520 0120 orkuhusid@sjukratjalfun.is, sjukratjalfun.is

13



MHG
VERSLUN

Gólflípivélar og ryksuger í miklu úrvali

Víkurhvarf 8, s: 544 4656 mhg@mhg.is, www.mhg.is

14



NPA

Félag fatlaðs fólks um notendastýrða persónulega aðstoð

Urðarhvarf 8A, 2. hæð, s: 567 8270, npa@npa.is, www.npa.is

15



KATLA
FITNESS

Katla Fitness er í Holtagörðum, Urðarhvarfi, Tjarnarvöllum, Kópavogslaug, Salalaug, Faxafeni og Lambhaga

Urðarhvarfi 2, katlafitness.is

6



LÖGGILTIR
ENDURSKODENDUR
120 ár

Urðarhvarfi 8, S: 556 3000
endurskodendur@endurskodendur.is,
www.endurskodendur.is

7



VÍKUR
V · E · R · K

Frí heimsending
á öllum pöntunum
yfir 20.000 kr.

Víkurhvarfi 6, S: 557 7720
vikurverk@vikurverk.is,
vikurverk.is


8



Bónus – lágvörverslun

Ögurhvarf, bonus.is

9



OsteoStrong hjálpar þér
að styrkja bein, vöðva,
vöðvafestingar, sinar og
liðbönd svo um munar

Ögurhvarfi 2 og Hátúni 12,
s: 419 9200,
mottaka@osteoststrong.is
www.osteoststrong.is

10



Lindabakari

Gæðabakari fyrir skírnir,
fermingar, brúðkaup,
erfidrykkjur og fundi

Ögurhvarf 3, Bæjarlind 1-3
og Tjarnavellir 15,
s: 544 5566
lindabakari @ lindabakari.is,
www.lindabakari.is



FYRIRTÆKI OG ÞJÓNUSTA Í HVÖRFRUNUM



Ásgeir Baldvinsson, formaður Breiðabliks ásamt Sóleyu Margréti Jónsdóttur, kraftlyftingakonu Breiðabliks. Á myndina vantar Höskuldur Gunnlaugsson sem var valinn Knattspyrnukarl Breiðabliks en hann var erlendis þegar verðlaunin voru afhent.

ÍPRÓTTAFÓLK BREIÐABLIKS

Sóley og Höskuldur eru Íþróttafólk Breiðabliks 2024

Áðstjórn Breiðabliks hélt nýverið viðburð sem hefur það markmið að sameina allar deildir félagsins eina góða kvöldstund og að heiðra þá sem mest hafa þótt skara fram úr á síðasta ári. Ásgeir Baldurs, formaður Breiðabliks, setti hátíðina áður en Arnór Daði, íþróttastjóri félagsins, kynnti hverja viðurkenninguna á fætur annarri.

Frjálsíþróttakona

Birna Kristín Kristjánsdóttir

Frjálsíþróttakarl

Þorleifur Einar Leifsson

Hjólreiðakona

Björg Hákonardóttir

Hjólreiðakarl

Ingvar Ómarsson

Hlaupakona

Þorgerður Tómasdóttir

Hlaupakarl

Thijs Kreukels

Karatekona

Una Borg Garðarsdóttir

Karatekarl

Tómas Aron Gíslason

Knattspyrnukona

Ásta Eir Árnadóttir

Knattspyrnukarl

Höskuldur Gunnlaugsson

Kraftlyftingarkona

Sóley Margrét Jónsdóttir

Kraftlyftingarkarl

Alexander Örn Kárason

Körfuknattleikskarl

Sölvi Ólason

Skákkarl

Vignir Vatnar Stefánsson

Sundkona

Freyja Birkisdóttir

Sundkarl

Przemyslaw Pulawski

Þríþrautarkona

Guðlaug Edda Hannesdóttir

Þríþrautarkarl

Sigurður Örn Ragnarsson

Deildarbikar

Knattspyrnudeild

Þjálfarabikar

Auðunn Jónsson úr

kraftlyftingardeild

Afreksbikar

Meistaraflokkur í knattspyrnu

(bæði karla og kvenna)

Félagsmálabikar

Sigþór Samúelsson úr karatedeild

Íþróttakona

Sóley Margrét Jónsdóttir

úr kraftlyftingardeildinni

Íþróttakarl

Höskuldur Gunnlaugsson

úr knattspyrnudeild

Raflíþrótt-, taekwondo- og skíðadeildin tilnefndu engan í ár ásamt því að skák- og körfuknattleiksdeildin tilnefndi ekki konu að þessu sinni.



Frjálsíþróttakarl og kona Breiðabliks 2024. Þorleifur Einar Leifsson og Birna Kristín Kristjánsdóttir (var erlendis).



Hjólreiðakona Breiðabliks 2024. Björg Hákonardóttir.



Hjólakarl Breiðabliks 2024. Ingvar Ómarsson.



Hlaupakarl Breiðabliks 2024. Thijs Kreukels



Hlaupakona Breiðabliks 2024. Þorgerður Tómasdóttir.



Karatekona Breiðabliks 2024. Una Borg Garðarsdóttir



Knattspyrnukona- og karl Breiðabliks 2024. Ásta Eir Árnadóttir og Höskuldur Gunnlaugsson (var erlendis).



Karatekarl Breiðabliks 2024. Tómas Aron Gíslason.



Körfuknattleikskarl Breiðabliks 2024. Sölvi Ólason (Margrét móðir Sólva tók við verðlaunum fyrir hans hönd).



Kraftlyftingarkarl Breiðabliks 2024. Alexander Örn Kárason.



Þríþrautarkarl Breiðabliks 2024. Sigurður Örn Ragnarsson.



Skákkarl Breiðabliks 2024. Vignir Vatnar Stefánsson. (Kjartan Briem formaður skákdeildar tók við verðlaunum fyrir hans hönd).



Sundkarl Breiðabliks 2024. Przemyslaw Pulawski. (Hilmar yfirþjálfari sunddeildar tók við verðlaunum fyrir hans hönd).



Sundkona Breiðabliks 2024. Freyja Birkisdóttir.



Þríþrautarkona Breiðabliks 2024. Guðlaug Edda Hannesdóttir.



Deildarbikar Breiðabliks 2024. Knattspyrnudeildin. Flosi Eiríksson formaður deildarinnar.



Þjálfarabikar Breiðabliks 2024. Auðunn Jónsson úr kraftlyftingardeildinni.



Félagsmálabikar Breiðabliks 2024. Sigþór Samúelsson úr Karatedeildinni.



Afreksbikar Breiðabliks 2024. Meistaraflokkur í knattspyrnu (bæði karla og kvenna). Halldór Þjálfari karlaliðsins og Ásta fyrirliði kvennaliðsins.




LÓÐIR

Opnað fyrir tilboð í lóðir í Vatnsendahvarfi

Opnað hefur verið fyrir tilboð í lóðir í öðrum áfanga í Vatnsendahvarfi. Í öðrum áfanga verður úthlutað lóðum fyrir einbýlishús, parhús, klasahús og fjöl-

býli. Hægt er að skila inn tilboðum í fjórar vikur, frá 23. janúar til 20. febrúar í gegnum útbóðsvef Kópavogsbæjar, Tendsign.is. „Við erum mjög spennt að fá nýtt



hverfi í Kópavoginn og fundum það í fyrsta áfanga að það er mikill áhugi, enda góð staðsetning á frábærum útsýnisstað í nálægð við mikla náttúrufergurð. Hverfið verður ekki þétt byggt og gert ráð fyrir fallegum grænum svæðum sem flæðir vel í gegnum hverfið. Áhersla er lögð á fjölbreytta byggð í Vatnsendahvarfi með góðum samgöngutengingum fyrir alla ferðamáta. Þá munu íbúar

njóta góðs af þeirri þjónustu sem fyrir er í nærumhverfinu auk þess sem reistir verður leikskóli og grunnskóli fyrir 1. til 4. bekk í þessu nýja hverfi,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs. Í Vatnsendahvarfi verða 500 íbúðir í fjölbýli og sérþýli og fellur byggðin vel að nágrenninu. Lögð er áhersla á sjálfbæra og umhverfisvæna byggð og góðar samgöngu-

tengingar fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Stefnt er að því að lóðir í öðrum áfanga verði byggingarhæfar í september 2025. Haldinn verður kynningarfundur 30. janúar fyrir þau sem þurfa nánari upplýsingar og aðstoð um Tendsign. Fundurinn verður haldinn í Bókasafni Kópavogs og stendur yfir frá 16.00 til 18.30.



BÍLAVIÐGERÐIR Í KÓPAVOGI



Þjónustuverkstæði bifreiða síðan 1961

Sérhæfum okkur í þjónustu á bílum frá BL, bensín, diesel og rafbílum frá Subaru, Nissan, Renault, Isuzu og Honda.

Einnig sérhæfum við okkur í hjólastillingum og loftkælingum bifreiða.

Afgreiðslutími: Mánudaga til fimmtudaga 8-17 og föstudaga 8-15



Smíðjuvegi 22 (græn gata), sími: 567 7360, bfo@bfo.is, bfo.is



Allar almennar bílaviðgerðir



557 2540

20 ÁR Í ÞJÓNUSTU

Smíðjuvegi 60 (Rauð gata) • Kópavogi



MENNING

Anna Rós Árnadóttir hlýtur Ljóðstaf Jóns úr Vör árið 2025

Ljóðstafur Jóns úr Vör er haldinn af Menningar- og mannlífisnefnd Kópavogsbæjar en eftir var til samkeppninnar fyrst árið 2002 í minningu skáldsins Jóns úr Vör. Ljóðstafurinn hlaut að þessu sinni Anna Rós Árnadóttir fyrir ljóðið Skeljar og var það Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogsbæjar sem afhenti Önnu Rós Ljóðstafinn.

Ragnar H. Blöndal hlaut önnur verðlaun fyrir ljóðið Japanskir morgnarnar og þriðju verðlaun hlaut Kari Ósk Grétudóttir fyrir ljóðið Aðrar lendur.

Að auki hlutu fimm ljóð sérstaka viðurkenningu dómnefndar. Auka-leikari greinir hlutverk sitt eftir Jón Hjartarson; Draumur um Þórberg eftir Baldur Garðarsson; Speki tímavillinga eftir Bjargeyju Ólafsdóttur, Sverðgleyfir eftir Sunnu Dís Másdóttur og Svípting eftir Völu Hauksdóttur.

Alls bárust um 270 ljóð í keppnina að þessu sinni en þau mega ekki hafa birst áður og skulu send inn undir dulnefni höfundar. Dómnefndina í ár skipuðu þau Guðrún Hannesdóttir, Þórður Sævar Jónsson og Þóráð Helgadóttir (formaður).

Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar

Við sama tilefni voru veitt verðlaun í Ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogsbæjar og var dómnefnd sú sama. Fyrstu verðlaun hlaut Jóhanna Katla Kristjánsdóttir, 6. bekk Kársnesskóla, fyrir ljóðið Hugleiðsluljóð. Önnur verðlaun hlaut Friðrik Bjarki Sigurðsson, 6. bekk Salaskóla fyrir ljóðið „Veðrið (Hæka) og þriðju verðlaun hlaut Kristjana Lillý Pétursdóttir fyrir ljóðið Hríðin. Viðurkenningar hlutu Máni Bergmann Sigfús-



Sigurskaldið Anna Rós Árnadóttir.

son, 8. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið Andheitið, Matthías Haukur Daníelsson, 6. bekk Kársnesskóla, fyrir ljóðið Dafnandi stjórnur, Gabriela Sif O. Þórhallsdóttir, 10. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið Dansandi tunglið, Kristín Vala Stefánsdóttir, 10. bekk Lindaskóla, fyrir ljóðið Jólanótt, Eva María Ríkharðsdóttir, 8. bekk Lindaskóla,

fyrir ljóðið Lífið, Eva Benediktsdóttir og Fjóra Breiðfjörð Arnþórsdóttir, 6. bekk Salaskóla, fyrir ljóðið Ströndin og Inga Bríet Valberg, 6. bekk Snælandsskóla fyrir ljóðið Von.

Sigurskaldið

Anna Rós Árnadóttir er fædd árið 1998 á Selfossi en hún er búsett í Reykjavík. Hún stundar meistaranám í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands og er með BA gráðu í sama fagi. Meðfram námi starfar hún við útlánadeild Landsbókasafns Íslands. Anna Rós er meðlimur ljóðahópsins MÚKK, félagsskap ungra skálda sem hefur látið til sín taka síðustu misseri.

Rökstuðningur dómnefndar

Ljóðstafur Jóns úr Vör árið 2025 er veittur Önnu Rós Árnadóttur fyrir ljóðið Skeljar.

Sigurljóðið er í senn seiðandi og blátt áfram. Skáldið yrkir af nákvæmni og næmni fyrir tungumálinu, sem er listilega einfalt og flæðir áreynslulaust. En undirtóninn er djúpur og угvænlegur.

Þetta er ljóð um lífsháskana, kvíða og óumflýjanlegt skapadægur. Strax í upphafi býður óvænt staðhæfing okkur að íhuga samband okkur við hafið, sem er okkur Íslendingum nærtæk og óhjálkæmlega birtingar-

mynd ógnar. Eftir því sem á líður færast náttúruaflíð nær, með stígvaxandi háskana.

Ljóðið bregður upp skýrum, ágengum og jafnvel sköndnum myndum og segir eftirminnilega sögu, án þess þó að endanleg merking þess sé höggin í stein. Það talast á við bæði þjóðsagnaarfinn og bókmenntasöguna. Loks slær skemmtilega óræður og óvæntur snúningur í síðasta erindinu ískyggilegan tón og festir ljóðið rækilega í minni.

skeljar

öll hús
eru hús við sjóinn
ef maður bara fylgir lögnum
nógu langt eftir

stundum
þegar hún krýpur á
köldum flísunum
finnst henni hún heyra
daufan óm af
fluglagargi
upp úr klósettskálinni

og þá hugsar hún um söguna
af sjómanninum
sem var spáð sjódauda
og hætti að róa út
hvernig hann flutti
eins langt inn í land
og hann komst
hætti að borða sjávarfang
varð tortrygginn
út í hvern einasta
vota stein
sem varð á vegi hans
í mörg ár

þangað til einn daginn
að hann sofnaði á verðinum
bauð tveimur skipbrotsmönnum
gistingu
hún hugsar um sjóstakkana þeirra
hvernig þeir hengdu þá upp
og hvernig það draup af þeim
á forstofugólfið
yfir nóttina

um hreyfingarlaust
andlit mannsins í pollinum
í dögum

að lifa
er að sofna á verðinum

að deyja
er að sofna á verðinum

eins og járnsmiður
hugsar hún
sem gerir vettvangsrannsóknir
á skósólum

eins og konu
sem er spáð sjódauda
en flytur samt
inn í hús
þakið skeljum

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Kópavogi

GLUGGAVINIR
Hlíðasmára 9, 201 Kópavogur
Sími: 571 0888, www.gluggavinir.is

Arion banki

B&T
RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070
Skemmuvegi 44m, Kópavogi
www.bilarogtjon.is

BÍLRÚÐAN
Smiðjuvegi 14, Græn gata,
200 Kópavogi
www.bilrudan.is
S: 552 5755

CAR-MED
bilaverkstæði
Dalvegi 24, 201 Kópavogur
S: 571 7030, www.car-med.is

BÍLRÚÐU MEISTARINN
Vinnum fyrir öll tryggingafélög
Dalvegi 18, 201 Kópavogur
S: 5711133

Flutningsþjónusta Miklaels
Flytjum það sem þú vilt flytja
Kársnesbraut 87, 200 Kópavogur
S: 894 4560, www.flytja.is

REYKOFNINN EHF.
Smiðjuvegi 14 (bleik gata),
S: 557 2122,
info@reykofninn.com,
reykofninn.is



NÁM

Þróun skólamála og breytingar í skólastarfi

María Inga Hannesdóttir, fyrrverandi grunnskólakennari, kennsluráðgjafi og lestrarsérkennari við fræðslu fullorðinna.

Kennsluhættir breyttust mikið hér á landi þau ár er ég starfaði innan veggja skóla, það er að segja úr hefðbundinni kennslu yfir í opnara skólastarf. Ólíkar stefnur ruddu sér braut hér á landi sem og annars staðar í heiminum í kjölfar víðtæku ákalli um aukin réttindi til minnihlutahópa. Frá 1970 voru átakatímur í íslensku skólasögu. Eftirfarandi samantekt og hugleiðingar skráði ég árið 2008.

Helga Sigurjónsdóttir og Dr. Wolfgang Edelstein tókust á um kennslufræði og þær hugmyndir um skólastarf sem efst voru á baugi á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Þau skiptust opinberlega á skoðunum og gagnrýndu þróun menntunar í skólum landsins í samhengi við þær hröðu þjóðfélagsbreytingar sem átt höfðu sér stað hérlandis allt frá 1960.

Forvitnilegt er að skoða skólamál, stefnur og samtímaskólann í samhengi við minn eigin starfsferil. Helga

Sigurjónsdóttir var drifljöður á þessum árum í skólamálu, gagnrýndi þær breytingar sem fylgdu í kjölfar grunnskólalaga 1974 meðal annars með greinarflokki sínum: „Skóli - til hvers?“ sem birtist í Morgunblaðinu 1995.

Báðar kenndum við í Kópavogi og upplifðum miklar breytingar í skólastarfi. Við höfum kennslustörf á hefðbundin hátt, kennarar með umsjón yfir bekkjardeild. Helga stofnaði síðar eigin skóla, gaf út kennslubækur, skrifaði um skólamál og hélt fyrirlestra.

Eftir fyrirlestur sem Helga hélt í Norræna húsinu 10.2.1999 birtist við hana viðtal í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni: „Kennari gegn kerfinu.“ Þar segir hún meðal annars: „Þegar ég tala um sérfræðinga, á ég við uppeldisfræðinga, sálfræðinga og valdamenn í menntamálaráðuneytinu. Með sérfræðingatali er auðvelt fyrir þá að ná völdum yfir skólanum.“


Hún sagði þá hafa tekið völdin af kennurum og þeir réðu þar af leiðandi yfir samtíma skólanum, kennarar urðu þjónar eða vinnukonur í stað meistara.

Ein virtist hún standa í baráttu við að koma á framfæri öðrum sjónarmiðum en þeim sem almennt voru ríkjandi á þessum tíma. Fáir kennarar virtust taka afgerandi afstöðu með hennar málflytningi þótt gagnrýnis rödd hennar hafi verið vel þegin enda erfitt fyrir hinn almenna kennara að hafa yfirsýn út yfir krefjandi dagleg kennslustörf.

Nú eru aðrir tímar og að sjálfsöggðu hefur margt breyst í skólastarfi og margt ugglaut til bóta. Vonandi nær hver og einn skóli að skapa sér þær aðstæður sem þarf til að nemendur með veikleika á málsviði eða af erlendum uppruna nái sem best að tileinka sér íslensku, lestrar- og skriftamám.

KÓPAVOGSLÖGGAN

Erill á vaktinni



Heimir Ríkardsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, segir útköll það sem af er á árinu hafa verið fjölbreytt. Nokkuð hafi verið um að lögregla hafi verið kölluð til vegna þjófnaðar úr verslunum þar sem árvökulir starfsmenn verslana hafa staðið gerendur að verki. Flest þessara mála eru afgreidd á vettvangi þar sem teknar eru skýrslur af viðkomandi aðilum.

Þrátt fyrir að nokkur erill sé á oft á vaktinni hafa lögreglumenn haft afskipti af fjölda ökumanna undan-

farnar vikur og sektað ökumenn vegna hraðaksturs og vanrækslu á skoðun.

Samfélagslöggæsla lögreglu hefur verið eflað á undanförunum mánuðum á höfuðborgarsvæðinu og eru nú samfélagslögreglumenn í tveimur stöðugildum á lögreglustöðinni við Dalveg. Helstu verkefni þeirra eru samskipti við skóla, félagsmálayfirvöld, félagsamtök, félagsmiðstöðvar, fræðsla og fylgjast með óæskilegum hópamýndunum ungmenna, að sögn Heimis.

Sótt tilboð



6.390 kr.



16" pizza af matseðli og 16" margarita eða hvítlauksbrauð

6.490 kr.



2.990 kr.



Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum



5.590 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

6.390 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Hádegisútilboð

2.490 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.290 kr.

9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos

Castello
PIZZERIA

Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13




OKKAR KÖPAVOGUR

ÞITT ER VALIÐ




Við fengum fullt af frábærum hugmyndum frá íbúum í haust og nú er komið að því að velja úr.

Kosning stendur yfir til hádegis 4. febrúar og við hvetjum alla íbúa til að taka þátt. Kjóstu núna!



Nánari upplýsingar



Kjóstu núna!

